

### **37. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 4. 5. 2010.**

**Mættir:** Ingvar Þóroddsson, Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Aldís Einarsdóttir og Valbjörg Fjólmundsdóttir.

#### **Fundarefni**

#### **Tillaga að deiliskipulagi Glerá – frá stíflu til sjávar.**

Nefndarmenn ræddu þetta deiliskipulag fram og til baka og skoðuðu kort og flr. Voru nefndarmenn sammála um að þetta deiliskipulag lofaði mjög góðu fyrir þetta svæði. Ákveðið var að fylgjast nánar með framvindu þessa máls.

Hægt er fyrir alla hverfisbúa að nálgast upplýsingar á heimasíðu Akureyrarbæjar undir *Stjórnkerfið/Skipulags- og byggingarmál/ Auglýstar skipulagstillögur.*

#### **Hundahald.**

Berglind kannaði hverjar reglur um hundahald í bænum væru. Kom fram í hennar máli að það væri heilmikið mál að vera með hund með tilliti til reglna og kostnaðar. Kom fram að í byrjun þarf m.a. að fara með hundinn til dýralæknis, útvega heilsufarsbók, tryggja þarf hundinn, fá skriflegt leyfi frá nágrönnum ef um sameiginlegan inngang að heimili er um að ræða, leyfi þarf og er það endurnýjað á hverju ári.

Ræddu nefndarmenn þetta mál nokkra stund, hægt er fyrir alla hverfisbúa að nálgast nánari upplýsingar um reglur um hundahald á heimasíðu Akureyrarbæjar undir *Stjórnkerfið/Reglur og samþykktir/Annað/Hundahald.*

#### **Önnur mál.**

Varðandi mál sem komu fram í síðustu fundagerð, bílbeltanotkun barna á leikskólum í hverfinu og akstur bifreiða á göngustíg við Þórsvöll þá verður klára að leita svara við þeim fyrir næsta fund hverfisnefndar. Aldís og Brynja taka það að sér.

Þá mun hverfisnefnd óska eftir því að Guðmundur og Eiríkur varamenn í hverfisnefnd ásamt aðila/um frá Glerárskóla sitji næsta fund. Umræðuefnið verður komandi hausthátíð í samstarfi við Glerárskóla ásamt fleirum verkefnum.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 1. júní 2010 klukkan 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 6. apríl 2010  
Brynja Sig.